

Fundur í Umhverfisnefnd Grunnskóla Seltjarnarness

Haldinn í Mýrarhúsaskóla 28. janúar 2013

Mættir voru: Fjóla, sem stýrði fundi í fjarveru Laufeyjar, Guðlaug, Svala, Hafsteinn, Pálína fyrir 10. bekk. Kristín Birna og Birta Sóley fyrir 9. bekk. Agni og Hildur Sif fyrir 8. bekk. Jóhann Þór og Anna Lára fyrir 7. bekk. Tómas Orri fyrir 6. bekk, Gunnar Hrafn fyrir 5. bekk, Eðvald fyrir 4. bekk, Lilja fyrir 3. bekk, Guðmundur fyrir 2. bekk og Unnar Tjörvi fyrir 1. bekk.

1. Kynntar voru breytingar á flokkunarmálum skólans, en nú má flokka saman fernur og plastdósir utan af skyri og þess háttar. Tilbúnir eru glærupakkar með kynningum og fulltrúar í Grænfánanefndinni munu kynna, hver í sínum árgangi. Fulltrúar á unglíngastigi lýstu áhyggjum af flokkuninni í matsal í Való og töldu ekki aðstöðu þar til að skola. Þá var rætt um að óheppilegt væri að hafa mismunandi tunnur fyrir ruslið og Hafsteinn ætlar að skoða það að lagfæra þetta. Við þurfum aðeins tunnu fyrir lífrænt, endurvinnanlegt og sorp.
2. Hugmynd um umhverfislöggur í Mýró fékk ágætis undirtektir og voru allir fulltrúar til í að sinna þessu. Þá fara 1.og 6.bekkingar saman, 2.og 5. Bekkur og 3.og4. bekkur, ganga í stofur í viðkomandi árgangi og kanna hvernig bekkjunum gengur að flokka rusl og veita gullstjörnu þar sem allt er rétt gert. Hugmynd frá unglíngastiginu að gefa útitíma í verðlaun.
3. Afhending Grænfánans. Fulltrúarnir voru sammála um að við yrðum öll saman og í Való að þessu sinni. Hvetja til að allir komi grænklaðdir. Þeirra hugmynd var að taka vel á móti yngstu nemendum, 10. bekkur mætir 1. bekkingum við innganginn og leiða þau inn í skólann. 9. bekkur tekur á móti 2. bekk, 8. bekkur tekur á móti 3. bekk og 7. bekkur tekur á móti 4. bekk. Þessir árgangar fari saman í stofur og geri eitthvað saman, t.d. mála grænt merki á sig eða annað. Hugmynd kom fram um að fá „Ararba“ til að flytja eitt lag. Dagsetning afhendingar í febrúar, annað hvort í annarri viku eða eftir öskudag.

Fjóla Höskuldsdóttir